



Reykjanesbær, 11. október 2024

683. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn í Merkinesi, Hljómahöll  
15. október 2024, kl. 17:00

#### DAGSKRÁ

1. Fundargerðir bæjarráðs 3. og 9. október 2024 (2024010003)
2. Fundargerðir umhverfis- og skipulagsráðs 1., 4. og 11. október 2024 (2024010213)
3. Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs 7. október 2024 (2024010207)
4. Fundargerð menntaráðs 11. október 2024 (2024010202)



## Fundargerð

1485. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn á Tjarnargötu 12  
3. október 2024, kl. 08:15

### Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

1. Mannréttindastefna Reykjaneshæjar - drög (2020021548)  
Aðalheiður Júlírós Óskarsdóttir verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags mætti á fundinn.  
Lögð fram drög að mannréttindastefnu Reykjaneshæjar.  
Bæjarráð vísar drögunum til umsagnar í nefndum og ráðum.
2. Uppbygging á Ásbrú - drög að samningi (2024070374)  
Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn.  
Lögð fram drög að uppbyggingarsamningi milli Reykjaneshæjar og Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar (Kadeco) um þróun íbúðabyggingar á Ásbrú.  
Bæjarráð samþykkir drögin og felur Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur staðgengli bæjarstjóra að skrifa undir samninginn.
3. Eignarhaldsfélag Suðurnesja (2024090758)  
Umræður um Eignarhaldsfélag Suðurnesja.
4. Umsögn vegna rekstrarleyfis – IQ Hotel apartments ehf., Seljubraut 645 (2024090150)  
Erindinu frestað.
5. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 10.-11. október 2024 (2024100017)  
Lagðar fram upplýsingar vegna skráningar á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga.
6. Fundargerð stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja 19. september 2024 (2024040048)  
Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja.
7. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 24. september 2024 (2024010259)  
Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

8. Fundargerð stjórnar Brunavarna Suðurnesja 26. september 2024 (2024030003)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Brunavarna Suðurnesja.

9. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 27. september 2024 (2024010369)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:05.



## Fundargerð

1486. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn á Tjarnargötu 12  
9. október 2024, kl. 08:15

### Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

1. Fjárhagsáætlun 2025-2028 (2024050440)  
Regína F. Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs mætti á fundinn.  
Umræður um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2025-2028.
2. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga - ársreikningur 2023 (2024100072)  
Regína F. Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs mætti á fundinn.  
Lagt fram bréf til kynningar frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.
3. Berghólabraut 3 - framlenging á afnotaleyfi á lóð (2023040518)  
Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn.  
Tekin fyrir bókun umhverfis- og skipulagsráðs frá 4. október 2024 þar sem óskað er umsagnar bæjarráðs varðandi gjaldtöku á afnotum af landi við Berghólabraut 3.  
Bæjarráð felur Guðlaugi H. Sigurjónssyni sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs að vinna áfram í málinu.
4. Baugholtsróló - dagmæður (2024060191)  
Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn.  
Lagt fram erindi þar sem óskað er eftir að standsetja dagforeldraheimili á Baugholtsróló.  
Bæjarráð frestar erindinu þar sem grenndarkynningu er ekki lokið.
5. Mengunarhætta frá eldsumbrotum á vatnsverndarsvæði (2024010247)  
Lagt fram minnisblað frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, HS Veitum, HS Orku, Sveitarfélaginu Vogum, Umhverfisstofnun, Veðurstofunni og ÍSOR vegna mögulegrar mengunarhættu frá eldsumbrotum á vatnsverndarsvæðum.
6. Umsagnarmál í samráðsgátt (2024010258)

a. Drög að reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk, mál nr. S181/2024

<https://island.is/samradsgatt/mal/3820>

b. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á 44. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 (fjöldaflótti), mál nr. 199/2024

<https://island.is/samradsgatt/mal/3838>

Umsagnar mál lögð fram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:05



## Fundargerð

346. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar - aukafundur, haldinn í Grófinni 2, 1. október 2024, kl. 08:30

Viðstaddir: Róbert Jóhann Guðmundsson formaður, Eysteinn Eyjólfsson, Guðbergur Ingólfur Reynisson, Jón Már Sverrisson og Helga María Finnbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Gunnar Ellert Geirsson deildarstjóri umhverfismála og Margrét Lilja Margeirsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála sem ritaði fundargerð.

Gunnar Felix Rúnarsson boðaði forföll og sat Jón Már Sverrisson fundinn í hans stað.

\* \* \*

1. Umferðarmál - hönnun og framkvæmdir (2022110639)  
Samúel Torfi Pétursson þróunarstjóri og Bergný Jóna Sævarsdóttir sjálfbærnistjóri frá Kadeco mættu á fundinn. Brynjar Vatnsdal frá Isavia sat fundinn í gegnum fjarfundabúnað.  
Farið var yfir valkostagreiningu, matsþætti og forsendur varðandi framtíðarskipan Reykjanesbrautar frá Fitjum að Rósaselstorgi frá VSÓ og Vegagerðinni.

*Guðlaugi H. Sigurjónssyni sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs ásamt Gunnari Kr. Ottóssyni skipulagsfulltrúa falið að vinna minnisblað fyrir umhverfis- og skipulagsráð. Málið verður tekið fyrir á næsta fundi umhverfis- og skipulagsráðs sem haldinn verður 4. október næstkomandi.*

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:50.



## Fundargerð

347. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12  
4. október 2024, kl. 08:15

Viðstaddir: Róbert Jóhann Guðmundsson formaður, Eysteinn Eyjólfsson, Guðbergur Ingólfur Reynisson, Jón Már Sverrisson og Jóhann Gunnar Sigmarsson.

Að auki sátu fundinn Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur, Marianna Hvanndal Einarsdóttir forstöðumaður skráninga, Margrét Lilja Margeirsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála, Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, Perla Dís Gunnarsdóttir fulltrúi ungmennaráðs og Íris Eysteinsdóttir ritari.

Helga María Finnbjörnsdóttir boðaði forföll. Jóhann Gunnar Sigmarsson sat fundinn í hennar stað.

Gunnar Felix Rúnarsson boðaði forföll. Jón Már Sverrisson sat fundinn í hans stað.

\* \* \*

### 1. Umferðarmál - hönnun og framkvæmdir (2022110639)

Gunnar Ellert Geirsson deildarstjóri umhverfismála sat fundinn undir þessu máli.

Farið yfir valkostagreiningu vegna tvöföldun Reykjanesbrautar milli Rósaselstorgs og Fitja.

*Samkvæmt gefnum forsendum og innra vægi matsþátta í valkostagreiningu og að teknu tilliti til kostnaðar og umferðaröryggis þykir valkostur 3 ákjósanlegastur. Aftur á móti er það mat umhverfis- og skipulagsráðs að valkostur 4 sé vanmetinn þegar kemur að samfélagslegum ábata fyrir sveitarfélagið. Fyrir því eru nokkrar ástæður og eru þær raktar hér.*

#### *Byggðapróun*

*Það er mat ráðsins að ekki er tekið nægjanlega mikið tillit til framtíðaruppbyggingar byggðar í forsendum og matsþáttum. Með tilliti til samþykks skipulags m.a. á Ásbrú og norðurhluta Keflavíkursvæðis telst valkostur 3 ekki þjóna þörfum byggðapróunarinnar.*

*Gatnamót við Grænás*

Grænás er tenging Ásbrúarsvæðis við Keflavík og Njarðvík. Mikil uppbygging er fyrirhuguð á athafnasvæðum við Fitjar, Njarðvíkurhöfn og á Ásbrú og mikilvægt er að gatnamót við Grænás þjónusti þessi svæði. Ef ekki eru nægilega góðar tengingar við Reykjanesbraut við Grænás mun það leiða til þess að þungaflutningar setji álag m.a. á Njarðarbraut og innan íbúasvæðis á Ásbrú. Nauðsynlegt er að greið og einföld leið sé til staðar fyrir þungaflutninga að stofnvegum með góðri tengingu við Keflavíkurflugvöll, Helguvíkurböfn og Reykjavík. Við Grænás þarf að vera hægt að taka hægri beygjur, að fráreinar liggja að Grænásbrekku og að vera aðreina að Reykjanesbraut.

*Hliðarvegir við Reykjanesbraut*

Umhverfis- og skipulagsráð kallar eftir samtali um kostnaðarskiptingu á byggingu hliðarvega sem eru afleiðing hönnunar Reykjanesbrautar.

*Hliðarvegir vestan megin við Reykjanesbraut*

Ljóst er að samkvæmt fyrirætlunum um framtíðaruppbyggingu á Keflavíkurflugvelli þá eiga þeir vegir sem eru skipulagðir vestan megin Reykjanesbrautar og norðan Aðaltorgs að þjónusta starfsfólk á Keflavíkurflugvelli og flutning vöru og þjónustu til flugvallarins.

Vegirnir eru ekki ætlaðir til almennrar umferðar. Af þeim ástæðum er verulegur skortur á góðri tengingu til Keflavíkur frá flugvallarsvæðinu, fyrir fólk sem starfar á flugvellingum og býr í Keflavík og ferðamenn sem sækja sér þjónustu til bæjarfélagsins.

*Rósaselstorg*

Í öllum tillögum er gert ráð fyrir mismögum gatnamótum við Rósaselstorg. Það er okkar mat að mikilvægt sé að taka til skoðunar aðra kosti tenginga á því svæði og hvaða áhrif það myndi hafa á matsþætti í greiningunni.

*Núverandi aðalskipulag*

Aðalskipulag gerir ráð fyrir að Reykjanesbraut sé lækkuð í landi eða í stökk, opnum eða lokuðum á milli Fitja og Grænáss. Þar þarf að tryggja örugga þverun á brú sem hentar virkum ferðamátum.

*Almennt*

Ör og mikill viðvarandi vöxtur bæjarins er umfram áætlanir og vaxtarstefnu sveitarfélagsins sem birtist í aðalskipulagi Reykjanesbæjar. Vöxtur bæjarins umfram áætlanir er afleiðing utanaðkomandi þátta eins og stefnu ríkisins og stofnana þess um vöxt ferðaþjónustu og flutninga. Verkefni Reykjanesbæjar er að bregðast við þeim áskorunum með því að þróa



*sjálfbæra og mannvæna byggð og ríkisvaldinu ber að koma að því verkefni með sveitarfélaginu.*

*Umhverfis- og skipulagsráð mun leita sér ráðgjafar hjá óháðum aðila til að leggja frekara mat á valkostagreininguna með hagsmuni Reykjanesbæjar að leiðarljósi.*

2. Minnisblað um stöðu framkvæmda (2024090765)

Gunnar Ellert Geirsson deildarstjóri umhverfismála sat fundinn undir þessu máli.

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs fór yfir minnisblað um stöðu framkvæmda.

*Lagt fram.*

3. Berghólabraut 3 - framlenging á afnotaleyfi á lóð (2023040518)

Erindi Carbfix dags. 1. október 2024 með ósk um framlengingu á afnotaleyfi á lóðinni Berghólabraut 3 til 1. nóvember 2025.

*Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið hvað varðar notkun á landi en óskar umsagnar bæjarráðs varðandi gjaldtöku.*

4. K64 - kynning (2022100542)

Bakhjarlahópur verkefnisins HB64 sem snýr að skipulagi og framtíðarsýn á iðnaðarsvæðinu upp af Helguvíkurhöfn leggur fram minnisblað, dags. 20. ágúst 2024, þar sem fjallað er um stöðu verkefnisins í dag og tillögur að næstu skrefum.

*Lagt fram.*

5. Aðaltorg - nýtt deiliskipulag (2024080041)

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi fyrir Aðaltorg. Meginatriði deiliskipulags er heildarbyggingarmagn í 100.000 m<sup>2</sup> fyrir verslun og þjónustu með heimild fyrir 450 íbúðum, þar af 138 þjónustu- og öryggisíbúðum fyrir eldri borgara. Óskað er heimildar til að auglýsa tillögu að deiliskipulagi samtímis tillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrir svæði M12 Aðaltorg.

*Erindi frestað. Umhverfis- og skipulagsráð óskar eftir fundi með málsaðilum.*

6. Hafnargata 44 og 46 - deiliskipulag (2021100132)

Tækniþjónusta SÁ leggur fram fyrir hönd Faxafell ehf. tillögu að deiliskipulagi fyrir Hafnargötu 44 og 46. Á lóðinni verði verslun og þjónusta á hluta jarðhæðar en 16 íbúðir á efri hæðum. Hámarkshæð byggingar verði fjórar hæðir.

*Tillagan samræmist ekki yfirbragði hverfisins og nýtingarhlutfall lóðar er of hátt. Erindi hafnað.*

7. Hlíðarhverfi - frumdrög (2024070283)

Arkís fyrir hönd Miðlands leggur fram frumdrög að deiliskipulagi Hlíðarhverfis III áfanga með 492 íbúðum í húsum að breytilegri gerð.

*Lagt fram til kynningar.*

8. Helguvík - vinnslutillaga að breytingu á aðalskipulagi (2024070278)

Breyta þarf afmörkun á iðnaðar- og hafnarsvæðum í aðalskipulagi og skilmálum fyrir lóðirnar Stakksbraut 4 og 15 til að koma fyrir inn- og útflutningsstarfsemi, geymslusvæði skipaeldsneytis og endurskilgreina mörk hafnar- og iðnaðarsvæða. Lögð er fram vinnslutillaga að breytingu aðalskipulags fyrir svæðið sbr. uppdrátt og greinargerð Eflu dags. 30.09.2024 fyrir Reykjanesbæ.

*Umhverfis- og skipulagsráð veitir heimild til að auglýsa vinnslutillögu að breytingu aðalskipulags.*

9. Hjallalaut 15 - niðurstaða grenndarkynningar (2024070531)

Sótt er um að stækka nýtingarhlutfall og fara yfir byggingarreit vestan/austan megin við byggingu. Nýtingarhlutfall Hjallalautar 15 er í dag 0.30 og yrði þá nýtt nýtingarhlutfall 0.36. Hæð fyrirhugaðar byggingar mun ekki fara yfir hámark núverandi deiliskipulag. Ein athugasemd barst á kynningartíma varðandi nálægð húsa og vegg á lóðamörkum.

*Erindi frestað.*

10. Grófin 18c - niðurstaða grenndarkynningar (2023100165)

Róbert Jóhann Guðmundsson vék af fundi undir þessu máli.

Óskað er heimildar til breytingar á notkun iðnaðarhúsnæðis Grófinni 18c í geymslur á jarðhæð og íbúðir á efri hæð. Samkvæmt aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem miðsvæði. Grenndarkynningu er lokið, engar athugasemdir bárust.

*Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið.*

11. Klettatröð 6b - grenndarkynning (2022110634)

OMR verkfræðistofa ehf. leggur fram fyrir hönd lóðarhafa uppdrætti að breytingum á núverandi byggingu á lóðinni Klettatröð 6b og fyrirhugaðri stækkun á byggingunni. Óskað er heimildar til að endurtaka grenndarkynningu sem var samþykkt 2. febrúar 2023.

*Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga, málsgrein 2.*

12. Baugholtsróló - dagmæður (2024060191)

Andrea Atladóttir og Elín Ósk Einarsdóttir senda inn erindi varðandi heimild til afnota af lóð sem kennd er við Baugholtsróló og standsetja dagforeldraheimili þar. Starfsmenn verði tveir með alls 10 börn í ríflega 50 m<sup>2</sup> húsnæði.

*Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að senda erindið í grenndarkynningu skv. 44. grein skipulagslaga, málsgrein 2. Öðrum liðum erindis vísað til bæjarráðs.*

13. Íslandshús - vegvísar (2024080461)

Íslandshús ehf. óskar eftir leyfi til að setja niður skilti til að vísa veg að fyrirtækinu á 4 stöðum í nálægð við fyrirtækið. Eitt skilti á horni Reykjanesbrautar og Hafnavegs, eitt á horni Klettatraðar og Flugvallarbrautar, eitt á horni Heiðarraðar og Klettatraðar og eitt skilti á horni Grænásbrautar og Heiðarraðar. Umsögn vegagerðar liggur fyrir. Vegagerðin heimilar engin merki/auglýsingar við þjóðvegi landsins, innan veg- helgunarsvæðis. Veghelgunarsvæði er 30 metrar frá miðlínu vegar.

*Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að vegvísun verði komið fyrir utan veghelgunarsvæðis til tveggja ára. Sett verði upp varanleg skilti við aðkomu að Tæknivöllum þar sem bæði svæðið sjálft er auglýst og fyrirtæki innan þess geta fengið að setja inn sitt merki. Þegar slík skilti eru tilbúin verði önnur skilti sem ekki er heimild fyrir að standi til langframa fjarlægð í samráði við viðkomandi fyrirtæki.*

14. Tjarnabraut 26-40 - lóðaumsóknir (2024090525)

*Erindi frestað, boðað verður til aukafundar í næstu viku.*



## Fundargerð

348. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjaneshæjar - aukafundur, haldinn í gegnum fjarfundarbúnað, 11. október 2024, kl. 08:15

Viðstaddir: Róbert Jóhann Guðmundsson formaður, Eysteinn Eyjólfsson, Guðbergur Ingólfur Reynisson, Gunnar Felix Rúnarsson og Helga María Finnbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi, Gunnar Ellert Geirson deildarstjóri umhverfismála og Margrét Lilja Margeirsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

\* \* \*

### 1. Tjarnabraut 26-40 - lóðaumsóknir (2024090525)

Alls bárust 204 umsóknir um 6 lóðir. Af þeim voru 177 gildar umsóknir. Þar sem umsóknir einstaklinga nutu forgangs var dregið úr 153 umsóknum. Dregið var um 1. 2. og 3. val. Falli umsækjandi í fyrsta vali frá lóðarumsókn gengur lóðin til þess næsta eða þess þriðja ef svo ber undir. Gildir þetta til 1. maí 2025. Losni einhver lóðanna eftir þann tíma er lóðin laus til umsókna. Ef lóð losnar fyrir þann tíma og enginn þeirra þriggja sem dregin var þiggur lóðina er lóðin laus til umsókna að nýju.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8.45



## Fundargerð

187. fundur Íþróttá- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12  
7. október 2024, kl. 10:00

Viðstaddir: Friðþjófur Helgi Karlsson formaður, Birgir Már Bragason, Hjördís Baldursdóttir, Magnús Einþór Áskelsson og Sindri Kristinn Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Hafþór Barði Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs og Íris Eysteinsdóttir ritari.

Marta Sigurðardóttir boðaði forföll. Magnús Einþór Áskelsson sat fundinn í hennar stað.

\* \* \*

1. Framtíðaruppbygging íþróttamannvirkja og svæða (2022050239)

Sverrir Bergmann Magnússon mætti á fundinn undir þessu máli. Einnig mættu Eva Stefánsdóttir og Unnar Stefánsson á fundinn í gegnum fjarfundarbúnað og kynntu vinnuferla sem unnið er eftir í uppbyggingu íþróttamannvirkja við Afreksbraut.

Íþróttá- og tómstundaráð þakkar góða kynningu.

2. Fyrirspurn frá Sundráði ÍRB vegna úthlutunar afreks- og íþróttasjóðs (2024010282)

Íþróttá- og tómstundaráð hefur yfirfarið hvernig styrkveitingum vegna afreka er háttað í öðrum sveitarfélögum og vill áréttta að Reykjanesbær gerir jafnvel og/eða betur eftir atvikum en sambærileg sveitarfélög og telur ekki rétt að breyta þeim reglum sem eru í gildi að svo komnu máli.

3. Skýrsla unglíngaráðs Fjörheima (2022070336)

Skýrsla unglíngaráðs Fjörheima lögð fram.

Íþróttá- og tómstundaráð þakkar fyrir vel unna skýrslu.

4. Dagskrá félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima (2022070336)

Dagskrá félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima lögð fram.

Íþróttá- og tómstundaráð vill hrósa starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima fyrir metnaðarfulla dagaskrá vetrarins og óskar starfsfólki og ungmennum góðs gengis í vetur.

5. Þakkir að lokinni lýðheilsu- og forvarnavíku Reykjanesbæjar (2024080331)

Íþróttá- og tómstundaráð þakkar íbúum, stofnunum og fyrirtækjum fyrir virka þátttöku í lýðheilsu- og forvarnavíku Reykjanesbæjar sem fram fór 30. september – 6. október sl.

6. Fjárhagsáætlun íþróttá- og tómstundamála 2025 (2024080166)

Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi fór yfir vinnu við fjárhagsáætlun 2025.

Íþróttá- og tómstundaráð leggur mikla áherslu á að reynt sé eftir fremsta megni að auka fjármagn til málaflokksins og að tryggt sé fjármagn í öll fjárfestingarverkefni ráðsins.

7. Heimsókn ÍT ráðs í nýtt íþróttahús við Stapaskóla (2022050176)

Hámundur Örn Helgason framkvæmda- og íþróttastjóri UMFN tók á móti ráðinu og sýndi nýtt glæsilegt íþróttahús félagsins og Stapaskóla.

Íþróttá- og tómstundaráð óskar öllum til hamingju með glæsilegt mannvirki.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15



## Fundargerð

378. fundur menntaráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12  
11. október 2024, kl. 08:15

Viðstaddir: Sverrir Bergmann Magnússon formaður, Gígja Sigríður Guðjónsdóttir, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Harpa Björg Sævarsdóttir og Sighvatur Jónsson.

Að auki sátu fundinn Rafn Markús Vilbergsson fulltrúi skólastjóra grunnskóla, Skúli Sigurðsson fulltrúi grunnskólakennara, Ólöf Magnea Sverrisdóttir fulltrúi leikskólastjóra, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi og Íris Eysteinsdóttir ritari.

Gróa Axelsdóttir boðaði forföll og sat Rafn Markús Vilbergsson fundinn í hennar stað.

\* \* \*

### 1. Framtíðaruppbygging íþrótta- og skólasvæðis (2022050239)

Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, mætti á fundinn og kynnti framtíðaruppbyggingu íþrótta- og skólasvæðis við Afreksbraut.

Menntaráð þakkar Guðlaugi fyrir áhugaverða yfirferð um framtíðaruppbyggingu íþrótta- og skólasvæðis Reykjaneshæjar. Stórt og mikilvægt skref verður stigið við að bæta aðstöðu fyrir íþróttastarf með fyrirhuguðum framkvæmdum við Afreksbraut.

Ráðið fagnar um leið því að sveitarfélagið hafi tekið í notkun nýtt íþróttahús við Stapaskóla sem mun auka möguleika nemenda skólans til íþróttaiðkunar ásamt því sem salurinn verður nýtt heimili körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur.

### 2. Fjárhagsáætlun og fjárfestingaráætlun menntasviðs 2025 (2024050440)

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs fór yfir fjárfestingaráætlun og fjárhagsáætlun sviðsins fyrir árið 2025.

### 3. Tillögur um bættar starfsaðstæður í leikskólum (2024030084)

Minnisblað varðandi útfærslu á tillögu 1 frá starfshópi um bættar starfsaðstæður í leikskólum Reykjaneshæjar lagt fram. Tillagan sem um ræðir lýtur að samræmingu á skólaleyfum á milli leik- og grunnskóla.

Menntaráð Reykjanesbæjar lýsir yfir ánægju með þær tillögur sem fram hafa verið lagðar um útfærslur á bættum starfsaðstæðum í leikskólum bæjarins sem snýr að samræmingu á skólaleyfum sem nær yfir lokun í dymbilviku og vetrarfríum, ásamt áframhaldandi lokun milli jóla og nýárs, sem hefur reynst vel undanfarin ár. Menntaráð telur að þessi útfærsla muni stuðla að betri starfsskilyrðum og auka stöðugleika í leikskólastarfi.

Þá tekur ráðið undir mikilvægi þess að boðið verði upp á skráningu barna á leikskóla í vetrarfríum og dymbilviku fyrir þá foreldra sem á því þurfa að halda.

Menntaráð samþykkir tillöguna 5-0 og vísar henni til frekari umræðu í bæjarráði.

4. Erindi frá foreldrafélagi Myllubakkaskóla (2024100118)

Erindi frá foreldrafélagi Myllubakkaskóla varðandi ástand skólamála lagt fram.

Menntaráð þakkar foreldrafélagi Myllubakkaskóla fyrir gott erindi og þarfar ábendingar. Ráðið felur Helga Arnarsyni sviðsstjóra menntasviðs að vinna málið áfram. Brynt er að upplýsa um gang mála við framkvæmdir og tryggja að sveitarfélagið veiti nemendum Myllubakkaskóla nauðsynlega þjónustu.

5. Endurbætur á skólalóðum - erindi frá skólastjórum (2023010276)

Erindi frá skólastjórum grunnskóla í Reykjanesbæ lagt fram. Þar er vakin athygli á mikilvægi verkefnis um endurgerð og uppbyggingu skólalóða í sveitarfélaginu og tryggðir verði nauðsynlegir fjármunir til þess í fjárhagsáætlun ársins 2025.

Menntaráð þakkar skólastjórum fyrir erindið og brýningu á mikilvægi skólalóða. Ráðið felur Helga Arnarsyni sviðsstjóra menntasviðs að vinna málið áfram við fjárhagsáætlunarvinnu.

6. Mannréttindastefna Reykjanesbæjar - drög til umsagnar (2020021548)

Bæjarráð óskar eftir umsögn um drög að mannréttindastefnu Reykjanesbæjar.

Menntaráð þakkar fyrir drög að mannréttindastefnu Reykjanesbæjar. Vel hefur verið staðið að vinnu við gerð metnaðarfullrar stefnu. Ráðið felur Sverri Bergmann Magnússyni formanni menntaráðs að koma umsögnum ráðsins áfram.